

Símafundur stjórnar samtakanna Landsbyggðin lifi haldinn 8. ágúst 2024 kl. 20:30 í gegnum Fésbók

Mættir: Hildur Þórðardóttir, Sigríður Svavarsdóttir, Stefanía Gísladóttir, Guðrún Gísladóttir, Vigfús Ingvar Ingvarsson, Helga Guðný Kristjánsdóttir og Ómar Ragnarsson.

FUNDAREFNI

Netsíðan: Sigríður segir að henni hafi verið tilkynnt um hýsingarleysi á netsíðu okkar – Síðan hefur hangið inni án gjalds í tæpt ár en dettur út í desember nk. Búið að finna annan hýsingaraðila sem býður hagstætt verð, kr. 33 þús. á ári.

Lítur vel út – samþykkt.

Sami aðili býðst einnig til að setja efni inn á vefinn. Hugsað að það yrði gert einu sinni í mánuði. Bjarni er feginn að losna við að uppfæra vefinn vegna anna. Reiknað er með klukkutíma á mánuði. Þetta virðist líta vel út – samþykkt. Mikið efni sem við eigum – ættum að safna því saman á einn stað um svipað leyti og fundagerð er tilbúin og senda þá í heilu lagi til hýsingaraðila sem uppfærir efnið á síðuna.

Dreifbýlissáttmálinn – Rural Pact

Ekki vitað hvort þátttaka kostar eitthvað. Þurfum að skoða þetta hvort þetta er eitthvað sem nýtist okkur. Gæti þetta tengst „Finnska verkefninu“. Þetta var kynnt í Póllandi og á dreifbýlisþinginu í Svíþjóð. Skoðum þetta betur á næsta fundi.

Tillaga að bréfi til sveitarstjórnar vegna „Finnska verkefnisins“ (Coming, living, staying - ruralising Europe. Koma, búa, dvelja, landsbyggðarvæðum Ísland). Eru einhverjar athugasemdir við bréfið?

Umsóknir í Nordplus, í sept. Hvað getum við sótt um fyrir næsta stig í verkefninu?

Fólk frá Lettlandi. Kemur 16. sept. Fer ekki fram á mikla aðstoð. Við munum funda með þeim um möguleika á samstarfi um að nýta Animation (kvikun, hreyfimyndir) til að kynna eldri borgurum Heimsmarkmið Sameinuðuþjóðanna.

Fundur í september: Hugmynd um fund fyrir vestan rædd en niðurstaðan að stefna á fund í Reykjavík eftir 6. sept. Ef 7. eða 8. sept. þá eftir kl. 14.

Félagaskráin: Hildur: Hefði þurft að fara yfir félagaskrána. Getur Sigríður skoðað hana? Guðrún segir að lesa þurfi hana saman við þjóðskrána. Þurfum að geta sent fólki fréttbréf.

Þurfum að skrifa fréttabréf í september ef mögulegt verður.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 21:30.

Vigfús Ingvar Ingvarsson ritaði